



Vefstefna Reykjanesbæjar



Vefstefna Reykjanesbæjar

Endurskoðuð í júní 2018.

Upplýsingavefur Reykjanesbæjar heldur utan um upplýsingar er varða starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins. Skal leitast við að miðla þeim til íbúa, fjölmiðla og þeirra sem vilja kynna sér sveitarfélagið með nútímalegum hætti. Vefurinn skal ekki síður nýttast starfsfólki Reykjanesbæjar þar sem upplýsingar eru aðgengilegar á einum stað, s.s. fundargerðir, stefnumótun, samþykktir, umsóknir, reglur og fréttir úr starfi. Markmið hans skal ávallt vera að þjóna notendum sem best og því skal huga vel að aðgengismálum.

Hlutverk og tilgangur

Að auka upplýsingastreymi til íbúa Reykjanesbæjar

Vefurinn skal bjóða upp á umræðugrundvöll milli íbúa og embættismanna sveitarfélagsins. Hann skal gera stjórnkerfi Reykjanesbæjar skýrt og sýnilegt og auðvelda aðgengi að ákvarðanatöku í sveitarfélaginu. Hann skal stuðla að fjölbreyttari og betri þjónustu sveitarfélagsins.

Að auka upplýsingastreymi milli stofnana Reykjanesbæjar

Vefurinn skal vera lifandi miðill með virkri þátttöku starfsmanna til hagræðis fyrir stofnanir, starfsfólk og íbúa. Leitast skal við að hafa allar síður sýningar í veftré enda varðar það bæði sýnileika og aðgengi. Síður skal flokka með nákvæmum hættir í þjónustu, stjórnsýslu og mannlífi. Á forsíðu skal birta helstu upplýsingarsíður eins og fréttir, tilkynningar, auglýsingar, viðburði, fundargerðir, útsenda fundi og korta-vefi. Leitarvél skal vera öflug svo notendur vefsins eigi auðvelt með að finna upplýsingar.

Að kynna bæinn út á við

Vefurinn skal kynna þá starfsemi sem fram fer innan Reykjanesbæjar og hvað bæjarfélagið hefur upp á að bjóða. Hún skal nýttast m.a. til kynningar fyrir ferðamenn, fjárfesta, fjölmiðla og fjölskyldur sem kanna möguleika á flutningi til bæjarins.

Leitast skal við að auka gagnvirkni vefsins og nýta þá möguleika sem upplýsingatækni býður hverju sinni.

Ritstjórn

Ritstjórn vefsins, vefur@reykjanesbaer.is, skal tryggja samræmingu í útgefnu efni og koma í veg fyrir mistök. Ritstjórn ber ábyrgð á að málfar á vefnum sé gott, að orðfæri og uppsetning sé sniðið að aðgengiskröfum og að efnistösk hafi leitarvélabestun að leiðarljósi.

Ritstjórn skal sjá til þess að vefurinn sé uppfærður reglulega og að upplýsingar séu ávallt réttar, greinagóðar og ítarlegar. Einnig ber ritstjórn ábyrgð á frekari þróun vefsins í samvinnu við þjónustuaðila.